

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorpurðun og sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

## 1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við íbúð er sem hér segir:

Sorphirðugjald á íbúð, íbúðarhúsnæði	kr. 16.000
Sorpeyðingargjald á íbúð, íbúðarhúsnæði	kr. 14.000
Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr. 40.000
Þjónustubýli	kr. 20.000
Sumarbústaðir	kr. 12.000

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum. Grunn gjald á lögaðila er kr. 12.000.

## 2. gr.

**Móttökugjöld fyrir flokkaðan úrgang:**

- *Rekstraraðilar* greiða fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt, að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.
- *Almenningur* greiðir ekki fyrir úrgang sem myndast við venjulegan heimilisrekstur. En ætlast er til að hann sé flokkaður.  
Einungis þarf að greiða fyrir stærri farma s.s.:
  - Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis.

**Móttökugjöld fyrir einstaka efnisflokka:***Flokkur 1. Óflokkað í urðun:*

- Byggingarúrgangur, blandaður	14 kr./kg
- Blandaður úrgangur í urðun	14 kr./kg
- Timbur, málað/fúavarið	14 kr./kg
- Múrbrot – flísar – postulín	2 kr./kg
- Lífrænn úrgangur til urðunar,	9 kr./kg

Áhættuflokkur skv. 1. – 3. grein reglugerðar nr. 820/2007

*Flokkur 2. Flokkað til endurnýtingar:*

- Timbur, hreint (ekki málað/fúavarið)	8 kr./kg
- Járn/málmar	0 kr./kg
- Garðaúrgangur	0 kr./kg

*Flokkur 3. Úrgangur sem ekki þarf að greiða fyrir:*

- Bylgjupappi.
- Umbúðir úr sléttum pappa.
- Dagblöð og tímarit.
- Fernur.
- Filmuplast.
- Heyrúlluplast.
- Stórsekkir.
- Hjólbarðar.
- Rafgeymar.
- Rafhlöður.
- Málning.
- Önnur spilliefni.

*Flokkur 4. Lífræn efni beint til jarðgerðar:*

- |                            |           |
|----------------------------|-----------|
| - Kjöt og sláturúrgangur   | 20 kr./kg |
| - Fiskúrgangur             | 20 kr./kg |
| - Lífrænn heimilisúrgangur | 20 kr./kg |

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisauka-skatts.

5. gr.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. desember 2010. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2011 og fellur þá eldri gjaldskrá úr gildi.

*Sauðárkróki, 29. desember 2010.*

**Ásta Pálmadóttir** sveitarstjóri.